| **Kennari** | Anna Berglind Pálmadóttir | **Sk.st.** | ABP |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:** Markmið áfangans er að gera nemendur hæfa til náms í ENS102. Meiri áhersla er lögð á nám í grunnatriðum enskrar málfræði sem og upprifjun á málfræðiatriðum ENS193 og mikil áhersla lögð á orðaforðaæfingar. Einnig verður rifjuð upp námstækni greinarinnar og notkun orðabóka. Mikið er lagt upp úr virkri þátttöku nemenda í kennslustundum. Aukið er við fjölbreytni lestexta með heildarskilning að markmiði. Í þessum áfanga reynir meira á skriflega færni nemenda í að tjá sig um ýmis málefni tengd náminu og áhugasviði þeirra. Ýmis verkefni verða lögð fyrir, bæði í málfræði og orðaforða. Lokapróf er í prófatíð í lok annar.

**Markmið:** Að nemandi nái það góðri kunnáttu í tungumálinu að hann sé fær um að hefja nám í ENS102.

**Námsgögn:**

*English in Mind 1A* eftir Herbert Puchta og Jeff Stanks, gefin út 2007 (fæst í bókabúð)
*Foundations of English 293* (fæst á skrifstofu VMA)

**Áætlun um yfirferð:**

| **Vika** | **Efni** |
|---|---|
| 35 | Kynning og almenn upprifjun. |
| 35-38 | Kafli 5 í *English in Mind 1A* og *Foundations of English 293* (einföld þátíð reglulegra sagna) |
| 39-41 | Kafli 6 í *English in Mind 1A* og *Foundations of English 293* (einföld þátíð reglulegra og óreglulegra sagna) |
| 42-44 | Kafli 7 í *English in Mind 1A* og *Foundations of English 293* (lýsingarorð sem og annað tilfallandi í málfræði) |
| 45-48 | Kafli 8 í *English in Mind 1A* og *Foundations of English 293* (persónufornöfn og eignarfornöfn) |
| 49 | Upprifjun |

**Verkefni:**

Eftir hvern kafla er próf sem byggir á málfræði og orðaforða. Einnig verða þrjú ritunarverkefni úr köflunum gerð heima og/eða í tímum. Auk þess verða tvö orðaforðaverkefni og lesskilningsverkefni sem unnin eru í tímum. Mikilvægt er að nemendur sinni náminu og leggi sig fram því að 5% lokaeinkunnar byggir á vinnuframlagi og ástundun.

**Námsmat og vægi námsþátta:**

| **Námsmat** | **Vægi** |
|---|---|
| Kaflapróf eftir 5., 6. og 7. kafla (3x7%) | 21% |
| Orðaforðaverkefni (2x3%) | 6% |
| Lesskilningur (2x3%) | 6% |
| Ritunarverkefni, (3x3%) | 9% |
| Hlustun (1x3%) | 3% |
| Vinnueinkunn (þátttaka í tímum og ástundun) | 5% |
| Verkefni úr léttlestrarbók | 10% |
| Lokapróf | 40% |

Lágmarkseinkunn er 5 og skal hver nemandi ná henni bæði í lokaeinkunn og prófseinkunn. Það þýðir að námseinkunnir reiknast ekki með í annareinkunn nema nemandinn nái einkunninni 5 (þ.e. 45 til 54% markmiða náð) á lokaprófi.

**Dagsetning: 19.08.2014**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**